

Nr. 1336

18. desember 2018

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu og sorpeyðingu samkvæmt samþykkt nr. 84/2010 um meðhöndlun úrgangs í Fjallabyggð.

2. gr.

Sorhirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Gjalddagar sorphirðugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

3. gr.

Sorhirðugjöld greiðast árlega sem hér greinir:

Íbúðarhúsnaði	44.000 kr. í sorphirðugjald
Fristundahús (á skipulögðum fristundasvæðum)	22.000 kr. í sorphirðugjald

Innifalið í sorphirðugjaldi er eitt grátt sorpílát fyrir óflokkað sorp, eitt grænt sorpílát fyrir endurvinnanlegt sorp, eitt brúnt sorpílát fyrir lífrænan úrgang sem og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1274/2017 fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

Fjallabyggð, 18. desember 2018.

Gunnar Ingi Birgisson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2019